

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 53/2013

2013/EES/61/03

frá 3. maí 2013

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 278/2012 frá 28. mars 2012 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 152/2009 að því er varðar ákvörðun á innihaldi díoxína og fjöklóraðra bifényla ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 843/2012 frá 18. september 2012 um leyfi fyrir endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 109.713), sem fóðurukefni fyrir kalkúna sem eru aldir til undaneldis, aukafuglategundir til eldis og sem eru aldar til varps eða undaneldis og skrautfugla (leyfishafi er BASF SE) ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 870/2012 frá 24. september 2012 um leyfi fyrir naringíni sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir ⁽³⁾.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um föður. Ákvæði löggjafar um föður skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 5) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Ákvæði II. kafla I. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í lið 31o (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009):
„eins og henni var breytt með:
– **32012 R 0278**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 278/2012 frá 28. mars 2012 (Stjtið. ESB L 91, 29.3.2012, bls. 8).“
2. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir 69. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1021/2012):
„70. **32012 R 0843**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 843/2012 frá 18. september 2012 um leyfi fyrir endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 109.713), sem fóðurukefni fyrir kalkúna sem eru aldir til undaneldis, aukafuglategundir til eldis og sem eru aldar til varps eða undaneldis og skrautfugla (leyfishafi er BASF SE) (Stjtið. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 23).
71. **32012 R 0870**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 870/2012 frá 24. september 2012 um leyfi fyrir naringíni sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir. (Stjtið. ESB L 257, 25.9.2012, bls. 10).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 91, 29.3.2012, bls. 8.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 23.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 257, 25.9.2012, bls. 10.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 278/2012, (ESB) nr. 843/2012 og (ESB) nr. 870/2012, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. maí 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. maí 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.